

Gátlisti vegna umsóknar um skráningu gjaldeyrisskiptastöðva og þjónustuveitenda sýndarfjár og stafrænna veskja skv. 35. gr. laga nr. 140/2018 og 3. gr. reglna nr. 535/2019

Nr.	Efni
	Umsókn skal vera skrifleg og undirrituð. Umsókninni skulu fylgja:
1.	Sakavottorð.
1.1	Sakavottorð sem kveður á um að skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila og raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað.
1.2	Séu skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal fylgja sambærilegt sakavottorð samkvæmt lögum og reglum þess ríkis.
2.	Staðfesting héraðsdóms.
2.1	Staðfesting héraðsdóms í umdæmi skráningarskylds aðila, stjórnenda skráningarskylds aðila og raunverulegra eigenda skráningarskylds aðila, þess efnis að viðkomandi hafi undanfarin fimm ár ekki verið úrskurðaður gjaldþrota
2.2	Séu skráningarskyldur aðili, stjórnendur skráningarskylds aðila eða raunverulegir eigendur skráningarskylds aðila frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal fylgja forræðisvottorð samkvæmt lögum og reglum þess ríkis.
3.	Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila samkvæmt spurningalista Fjármálaeftirlitsins.
3.1	Framangreindan spurningarlista er að finna á eftirfarandi vefslóð: https://www.fme.is/media/eydublod/Upplýsingagjof-framkvaemdastjora-og-stjornarmanna-skraningarskyldra-adila_eydublad-okt-2019.pdf

4.	Upplýsingar um stofnendur, raunverulega eigendur og hlut hvers og eins, stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur ef það á við.
5.	Upplýsingar um starfsstöðvar skráningarskylds aðila, m.a. upplýsingar um heimilisföng, símanúmer og netföng.
6.	Lýsing á fyrirhugaðri starfsemi, tilgangi hennar, hliðarstarfsemi, fjölda starfsmanna og skipurit fyrir starfsemina.
7.	Skriflegt áhættumat á rekstri og viðskiptum tengt hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018 og reglugerð nr. 545/2019.
8.	Skjalfest stefna, stýringar og verkferlar, sbr. 4. – 6. mgr. 5. gr. laga nr. 140/2018, sem fjalla m.a. um:
8.1	Aðferðir við mildun áhættu og framkvæmd og tegundir áreiðanleikakönnunar út frá fyrirbyggjandi áhættumati.
8.2	Reglubundið eftirlit, s.s. hvaða eftirlitskerfi og/eða aðferðir og ferlar eru notaðir.
8.3	Könnun á hæfi starfsmanna.
8.4	Innra eftirlit og tilnefningu ábyrgðarmanns auk upplýsinga um skyldur og hlutverk hans.
8.5	Rannsókn á grunsamlegum viðskiptum þar sem m.a. er fjallað um skylduna til að rannsaka grunsamleg viðskipti, rauð flögg og váþætti sem ber að þekkja í starfseminni, viðmið og aðferðir sem skal beita við rannsókn og skriflega skýrslugerð um rannsókn.
8.6	Tilkynningar um grunsamleg viðskipti þar sem m.a. er fjallað um skylduna til að tilkynna grun til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, form og efni tilkynninga, trúnaðar – og þagnarskyldu o.fl.
9.	Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun, sbr. 33. gr. laga nr. 140/2018.

10.	Upplýsingar um sjálfstæða úttektaraðila til að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð.
11.	Ferlar og aðferðir varðandi framkvæmd eftirlits með því hvort að viðskiptamaður er skráður á lista yfir þvingunaraðgerðir. Kröfurnar er að finna í 2. mgr. 7. gr. og 4. gr. laga nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu og fjármögnun kjarnorkuvopna.
12.	Ef skráningarskyldur aðili er frá öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er óskað staðfestingar frá þeim aðila sem hefur eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá viðkomandi aðila.
12.1	Í staðfestingunni skal koma fram að aðilinn sé undir eftirliti, hvernig því sé háttað og hvort hann uppfylli þær kröfur sem eftirlitsaðili gerir til starfseminnar.
13.	Aðrar upplýsingar sem skráningarskyldur aðili telur nauðsynlegt að komi fram um viðkomandi starfsemi og í tengslum við ósk um skráningu.